
ÞJÓÐVILJINN

Helgin 12.—13. september 1981

Aðalsími Þjóðviljans er 81333 kl. 9-20 mánudag til föstudags. Utan þess tíma er hægt að ná í blaðamenn og aðra starfsmenn blaðsins í þessum símum: Ritstjórn 81382, 81482 og 81527, umbrot 81285, ljósmyndir 81257. Laugardaga kl. 9-12 er hægt að ná í afgreiðslu blaðsins í síma 81663. Blaðaprent hefur síma 81348 og eru blaðamenn þar á vakt öll kvöld.

Aðalsími 81333 | Kvöldsími 81348 | Helgarsími afgreiðslu 81663

nafn vikunnar



Úlfar Þormóðsson

Fátt hefur vakið meiri athygli í vikunni en hin nýja bók Úlfars Þormóðssonar um frímúrararegluna, Bræðrabönd. Þetta er síðara bindi verks, sem frímúrarafeykirinn Úlfar gefur út uppá eigin hönd og ábyrgð. Við þrengdum að Úlfari þar sem hann sötraði kaffið í makindum í stormahléi bókaútgefandans.

Hvers vegna fórstu að vinna að þessu verki?

— Eiginlega til þess að reyna að skilja betur eðli þess hlægilega þjóðskipulags sem við búum við og hjálpa öðrum til hins sama.

Hefur margt komið þér á óvart við rannsókn á frímúrarareglunni á Íslandi?

— Mest kom mér á óvart hversu hallærislegar félagsskapur þetta er. Hitt grunaði mig áður, sem reyndist rétt, að þessi félagsskapur er fyrst og fremst valdaklíka og samtryggingafélag.

Hefur þessi valdaklíka og samtryggingafélag að einhverju leiti sett mark sitt á söguþróun á Íslandi síðustu áratugi?

— Það leikur ekki minnsti vafi á því að á dögum forsetanna Sveins Björnssonar og Ásgeirs Ásgeirssonar að ekki sé minnst á tíð hinna lýðræðissinnuðu ráðherra Vilhjálms Þórs og Björns Ólafssonar hafði frímúrarareglan meiri völd í þessu landi en nokkur annar félagsskapur eða stjórnmálaflokkur fyrr eða síðar. Þessi aðilar misnotuðu augljóslega stöðu sína í eigin þágu og hugðarefna sinna með afleiðingum sem þjóðin súpur seiðið af enn í dag. Þessir menn voru engir eftirbátar reglubræðra sinna á Ítalíu og Grikklandi.

Gætirðu sannað þessar aðdróttanir fyrir rétti?

— Já, ég treysti mér vel til þess. Annað mál er það hver dómsniðurstaða úr hugsanlegum málaferlum yrði. Það er nefnilega svo að lögin eru samin, túlkuð og framkvæmd oftsinnis af reglubræðrum þessara manna, eins og glöggt sést af athugun á Bræðraböndum.

Eiga frímúrarar eitthvað sameiginlegt utan þess að vera bræður í reglunni?

— Já, þá þyrstir í skjall og lófatak. Þeir eru lýðræðissinnar í orði — en valdagírugir einræðisseggir í reynd. Það er áberandi hversu margir þeirra eiga samleið í hermangi „frjálsri" verslun og SÍS. Og þeir eiga sameiginlega lífssýn sem rúmast í „lýðræðisflokkunum" þremur.

Ertu þeirrar skoðunar að það eigi að banna frímúrararegluna með lögum á Íslandi?

— Nei, en hins vegar geri ég tillögu um hversu skuli með regluna farið í lokakafla verksins. — óg

„Það hefur margt breyst á þessum árum, frá því við stofnuðum „September" hópinn árið 1947. Ég held að varla sé hægt að segja að hliðstæður hópur hafi verið stofnaður, því t.d. Súmararnir voru talsvert ólíkir okkur. Við tókum málverkið mjög hátíðlega og þurftum að leggja mjög hart að okkur til að komast í þetta nám. Evrópsk klassík var grundvöllurinn í starfi okkar og námi og við litum ákaflega upp til „meistaranna". Þetta hefur breyst og stundum hvarflar að mér að það sé orðið of auðvelt að komast í myndlistarnám, því afraksturinn er ekki í samræmi við fjöldann."



„Rætt við Jóhannes Jóhannesson listmálara, sem sýnir á „Septem '81"

Að breyta lit í túpu í eitthvað annað

Það er listmálarinn Jóhannes Jóhannesson, sem hefur orðið, einn af frumkvöðlum „September"-hópsins, sem nú sýnir verk sín að Kjarvalsstöðum, en þessi hópur sýndi fyrst saman árið 1947.

Við spjölluðum stuttlega við Jóhannes á sýningunni og spurðum hann hvort það hafi verið hugmyndafræðileg samstaða sem tengdi „September"-málarana saman:

„Að vissu leyti. Við vorum víst flest róttæk, en litum öðrum augum á pólitík og list, en algengt er í dag. Hugmyndafræði okkar stóð að vissu leyti utan við málverkið og við töldum okkur ekki minni sósialista eða listmálara fyrir það. Enn í dag held ég að mín pólitíska afstaða hafi ekki bein áhrif á verk mín. Hins vegar má segja eins og frægur málari sagði eitt sinn, að mynd væri ekki fullbúin fyrr en áhorfandinn liti hana augum. Þetta er kannski sósialismi málarans. En þótt það sé vissulega einhvers virði að vera á móti atómbombunni, er ekki þar með sagt að menn geti búið til góða myndlist bara þess vegna."

— Heldurðu að þið hafið „náð til fólksins"?

„Já, ég held það. Við þóttum að vísu nýstárlegir til að byrja með, enda fórum við aldrei inn á braut sósíalrealismans. En við tókum hlutverk okkar sem listamanna mjög alvarlega og sýningar okkar voru alla tíð mjög vel sóttar."

„Svo þið hafið ekki sýnt fyrir fáa útvalda?"

„Nei, það er áróður ef slíku er haldið fram. Ég var sjálfur mjög mikið við sýningarnar hér áður fyrr og fylgdist mjög vel með hverjir komu á þær. Það var ákaflega mikið um menn sem komu af einskærum áhuga og keyptu málverk, þótt þeir hefðu lítil efni. Mér eru minnisstæðir margir verkamenn frá þessum árum og ég held að þetta hafi ekki breyst, þótt maður hafi ekki tök á að fylgjast jafn vel með gestum á sýningunum nú."


— Og að lokum, Jóhannes. Hvað skyldi vera mest virði fyrir listmálarann?

„Málarinn hefur það hlutskipti að breyta lit í túpu í eitthvað annað en lit í túpu. Stíllinn er aukaatriði, en aðalatriðið er að vera sjálfum sér trúr í því sem maður er að gera og trúa á það."

Sýning „Septem" hópsins stendur til 20. september, en auk Jóhannesar sýna þar, þau Kristján Davíðsson, Þorvaldur Skúlason, Valtýr Pétursson Guðmunda Andrésdóttir, Karl Kvaran og Sigurjón Ólafsson.

— þs.

AKAI



KARL SIGHVATSSON tónlistarmaður:
„Hversvegna AKAI?
Einfalt — góð tæki — gott verð — góð kjör."

Karl Sighvatsson

NESCO HF
Laugavegi 10 sími 27788

5 ára ábyrgð og greiðslukjör við allra hæfi.